



Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykhólahrepps
Miðvikudaginn 22. nóvember 2010, kl. 20:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Ásta Sjöfn Krisjánsdóttir staðgengill skólastjóra, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykhólaskóla. Ebba Gunnarsdóttir frá foreldrafélagi Reykhólaskóla, Katla Tryggvadóttir frá foreldrafélagi Hólabæjar

Eiríkur bauð fólk velkomið og var þá gengið til dagskrár. Eiríkur leitaði afbrigða að taka 5 lið til umfjöllunar fyrst, þar sem tvo áheyrnafulltrúa vantaði á fundinn.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 23. september 2010.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Erindisbréf nefndarinnar.

Sveitarstjóra falið að koma með tillögu að erindisbréfi fyrir nefndina.

3. Skólastefna Reykhólahrepps.

Eiríkur lagði til að stofnaður yrði stýrihópur um skólastefnu Reykhólahrepps og sá hópur myndi skoða kosti og galla þess að sameina grunn- og leikskóla sveitarfélagsins, ásamt því að fara yfir reglugerðir og samþykktir fyrir skólana. Samþykkt samhljóða.

4. Reglugerð um leikskólann Hólabæ.

Sjá afgreiðslu á lið 3 í fundargerðinni.

5. Hlunnindasýning.

Eiríkur ræddi um áhugann fyrir því að ráða starfsmann til safnins, í samvinnu við Bátasafn Breiðafjarðar og Æðarvéa. Gerð var tillaga um að koma á fót þriggja manna nefnd um málefni safnsins og framtíð þess. Einn frá Reykhólahreppi, einn frá Bátasafni Breiðafjarðar og einn frá Æðavéum. Eiríkur Kristjánsson verður fulltrúi Reykhólahrepps í nefndinni.

6. Umsögn um sameiginlegan inngangskafla fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla í drögum að nýrri aðalnámskrá grunnskóla.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 18. nóvember 2010

Ákveðið að staðgengill skólastjóra ynni umsögn ef hún teldi þess þörf.

7. Öryggi yngstu barna á leikskólalóð og í skólabíl.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að gert verði ráð fyrir lagfæringu lóðar sérstaklega með tilliti til fallhæðar út leiktækjum við fjárlagagerð fyrir árið 2011

8. Ráðning stuðningsfulltrúa við Reykhólaskóla

Erindi frá staðgengli skólastjóra Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur dagsett 19. nóvember 2010.

Ásta Sjöfn fór yfir málefnið og ræddi nauðsyn þess að ráða stuðningsfulltrúa inn í 4-6 bekk. Fleiri fundarmenn voru því sammála. Mælt með því við sveitarstjórn að ráðinn verði stuðningsfulltrúi tímabundið.

9. Erindi frá Ástu Sjöfn Kristjánsdóttur móttakið 19. nóvember 2010.

1. Fjárveiting vegna heimasíðu Reykhólaskóla.

Ásta Sjöfn lagði fram áætlun um kostnað vegna gerðar hliðarsíðu við síðu Reykhólahrepps fyrir skólann, fram kom ósk frá leikskólanum sama efnis. Nefndin tók jákvætt í erindið en vísar því til hreppsnefndar.

2. Útleiga á Reykhólaskóla.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir ræddi um að skoða þyrfti vörslu skólans þegar hann væri leigður út.

10. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarbók.

Mál til kynningar:

11. Breytingar á grunnskólalögum, tónlistarfræðsla og íþrótt og æskulýðsmál.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 25. október.

Lagt fram til kynningar

12. Skólabragur – málstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Skýrsla um heilsu og líf skjör skólanema á Norðvestursvæði 2006- 2010, lögð fram á fundinum.

Eiríkur Kristjánsson tók þátt í málstofunni þann 1. nóvember s.l. Hann kynnti nefndinni það sem fram fór og nauðsyn þess að samfélagið í heild sinni komi að því að bæta skólabrag sveitarfélagsins.

13. Yfirlit um skyldur og ábyrgð skólanefnda og leiðarvísir fyrir skólanefndir í tengslum við innra mat grunnskóla.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 16. nóvember 2010.

Lagt fram til kynningar.

14. Könnun meðal leikskólastjóra á innleiðingu og framkvæmd laga um leikskóla.

Unnið fyrir mennta og menningarmálaráðuneytið júní 2010.

Lagt fram til kynningar.

15. Fundargerð 57. fundar skólanefndar sambandsins 12. október 2010

Lagt fram til kynningar

Önnur mál: Löglega upp borin.

1. Brunæfing í Reykhólaskóla.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir tilkynnti um brunaæfingu í Reykhólaskóla á miðvikudaginn kl. 10.00.

2. Gjöf til Reykhólaskóla.

Eiríkur Kristjánsson tilkynnti um gjöf Tómasar Sigurgeirssonar og Þorvaldar Björnssonar til Reykhólaskóla. Um er að ræða eggjasafn. Mennta og menningarmálanefnd þakkar kærlega fyrir gjöfina og þann höfðingsskap sem skólanum væri sýndur

3. Starfhópur um mötuneyti Reykhólaskóla.

Bent var á að starfhópurinn hefði skilað niðurstöðum.

Fundargerð lesin, fundi slitið 11:35
